

Heimilt skal að lækka bætur eða fella þær niður vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hins slasaða.

8. gr.

Falli váttrygging skv. reglugerð þessari úr gildi, ber félagið allt að einu ábyrgð í tvo mánuði frá því er það tilkynnti Flugmálastjórn að váttryggingin væri úr gildi fallin, enda hafi loftfarið eigi á þeim tíma verið strikað af loftfaraskrá, flugleyfi skv. c-lið, 3. gr. laga nr. 60/1998 verið afturkallað, eða önnur váttrygging verið tekin sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.

9. gr.

Váttryggingar íslenskra loftfara skv. reglugerð þessari, skulu teknar hjá váttryggingarfélögum sem Váttryggingareftirlitið og frá 1. janúar 1999, Fjármálaeftirlitið staðfestir að hafi leyfi til þeirrar tryggingarstarfsemi sem hér er kveðið á um, sbr. lög nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi með síðari breytingum.

Váttryggingarskilmálar skulu kynntir Váttryggingaeftirliti, en Fjármálaeftirliti eftir að það tekur til starfa, áður en þeir eru boðnir váttryggingartökum. Jafnframt skal leitað viðurkenningar Flugmálastjórnar á váttryggingarfélagi og váttryggingarskilmálum.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að 5 árum.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 131. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 19. september 1998. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 116/1965 um váttryggingu vegna loftferða.

Samgönguráðuneytinu, 17. september 1998.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 469/1996 um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.

1. gr.

1. málgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal verðmiðlunargjald af kindakjöti, sem nemur kr. 5,00 af hverju kg kjöts sem selt er frá afurðastöð á innanlandsmarkað og skal tekjum af gjaldinu varið til verkefna samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Greiðsla þessi tekur til kjöts sem innlagt er í afurðastöð frá og með 1. september 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 27. gr laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.